



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

## Skólaráðsfundur 28. maí 2018 (mánudagur)

Fundurinn fer fram í Gamla skóla við Suðurgötu hefst kl. 16:00

Mætt eru: Elfa Ásgeirsdóttir, Oddný Daníelsdóttir, Svandís Egilsdóttir, Ólafía Stefánsdóttir, Bjarnheiður Jónsdóttir og Gunnar Einarsson

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Lesin og samþykkt. Fundargerðir verða framvegis vistaðar inn á sameiginlegu drifi allra deilda Seyðisfjarðarskóla.
2. Farið yfir könnun til foreldra um seinkun á skóladeginum til kl. 8:15. 30% foreldra ekki tilbúin í þessa seinkun, eftir á að spyrja nemendur. Einnig spurt um hafragraut fyrir nemendur niðurstaðan er um 50%, líka spurt um hvort skólinn eigi að útvega námsgögn, foreldrar hlyntir því. Nemendur eiga eftir að segja álit sitt á veltímum og breytingum sem gerðar hafa verið í vetur.
3. **Eineltisáætlun drög**, fyrir bæði skólastigin. Svandís fór yfir áætlunina og lagði fram. Áætlunin verður kynnt öllu starfsfólki í haust.
4. **Skólapúlsinn.**
  - a. Foreldrakönnun leikskóladeild. Ánægja foreldra hefur aukist, borið saman við aðra á landinu erum við með mjög ánægða foreldra. Foreldrar meta þó að ánægja nemenda sé lægri miðað við aðra skóla í landinu. Um er að ræða elstu nemendur skólans og þá helst drengir. Foreldrar telja hæfilegan fjölda nemenda á deild. Mælist hátt í sérkennsluþörf og þörf á breyttu mataræði vegna óþols. Ánægja hefur aukist með vinnubrögð á leikskólanum. Þarf að upplýsa foreldra betur um námskrá skólans. Þarf að kenna betur á Mentor. Foreldrar eru óánægðir með matinn. Foreldrum finnst skólastjóri ekki sýnilegur í leikskóladeildinni.
  - b. Foreldrakönnun grunnskóladeild. Foreldrar almennt ánægðir með stjórnendur skólans, almennt ágðir með námsefni og kennslu, mætti vera léttari/þyngri. Þörfum nemendum almennt mætt að mati foreldra. Líðan nemenda meta foreldrar verri nú en í síðustu könnun. Foreldrar telja meira um einelti en áður. Foreldrar telja mataræðið hollt og gott. Þökkaleg ánægja með aðstöðu í skólanum. Ekki ánægja með vöntun á tómsendum hjá nemendum. Mætti leita meira til foreldra um tillögur um námskrár, námsefni. Almenn ánægja með heimasíðu skólans. Þarf að virkja foreldra betur í utanumhald í námi barnanna. Heimavinna of lítil að mati hluta foreldra.
  - c. Könnun úr skólapúlssi nemenda, tekin í október og aftur í apríl. Líðan nemenda kemur vel út að mati þeirra sjálfra, vellíðan í skólanum eykst á milli ára. Einelti mælist mjög lágt meðal nemenda. Tíðni hreyfinga er góð. Unglingarnir skora hátt í ánægju með skólann, þrautseigja mælist hátt, lestur og áhugi á stærðfræði. 10. Bekkur sérstaklega ánægður með skólann sinn, ánægja með stærðfræði og náttúrufræði. Trú á eigin

námsgetu í meðallagi. Líðan nemenda eykst til hins betra en vantar upp á sjálfsálit.

Stelpurnar með minna sjálfsálit en gengur og gerist á landinu.

Svandís er ánægð með niðurstöður úr Skólapúlsinum en ljóst að það þarf að taka á nokkrum málum

5. **Önnur mál:** Unnið verður að bættri skólalóð, unnið að undirbúningi nánar í vetur. Sennilega verða 40 börn í leikskóladeildinni næsta vetur. Búið er að manna leikskóladeildina. Í grunnskólanum eru helstu fréttir þær að Jóhanna Gísladóttir fer í launalaust leyfi, Þórunn Hrund Óladóttir fer í aðstoðarskólastjórstöðu og þá vantar kennara á unglingastigið. Aukið hefur verið um kennarastöður og verða þrír kennarar á miðstiginu. Ekki búið að ráða í auglýstar kennarastöður.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:30

Ólafía Þ. Stefánsdóttir skrifar fundargerð